

2012:7 • 11. júní 2012

## Fjármál hins opinbera á 1. ársfjórðungi 2012


Quarterly government accounts, 1st quarter 2012

Samantekt

Tekjuafkoma hins opinbera reyndist neikvæð um 8,1 milljarð króna á 1. ársfjórðungi 2012 sem er nokkru hagstæðari niðurstaða en á sama tíma 2011 er hún var neikvæð um 11,8 milljarða króna. Tekjuhallinn nam 1,9% af landsframleiðslu ársfjórðungsins eða 4,6% af tekjum hins opinbera og hefur tekjuafkoman ekki verið hagstæðari síðan á öðrum ársfjórðungi 2008 á þennan mælikvarða.

### Mynd 1. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af VLF ársfjórðungs<sup>1</sup>

Figure 1. General government financial balance as percent of quarterly GDP



<sup>1</sup> 192 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabanka Íslands á 4. ársfj. 2008 er ekki meðtalin í heildargjöldum og sömuleiðis ekki 55,5 milljarða áfallin ríkisábyrgð á 4. ársfj. 2010. The central government debt assumption of 192 billion ISK in 4. quarter 2008 is excluded from total expenditure and as well 55.5 billion ISK in 4. quarter 2010 due to called quarantees.


Heildartekjur hins opinbera hækkuðu um rúm 11% milli 1. ársfjórðungs 2011 og 2012 eða úr 160,8 milljörðum króna í 178,7 milljarða króna. Tekjuhækkunin skýrist fyrst og fremst af átta milljarða króna aukningu í tekjusköttum, fjögurra milljarða aukningu í vöru- og þjónustusköttum og tveggja milljarða króna aukningu í rekstrartekjum.

Heildarútgjöld hins opinbera hækkuðu hins vegar um 8,2% á sama tíma eða úr 172,6 milljörðum króna 2011 í 186,7 milljarða króna 2012. Sú útgjaldahækkun skýrist aðallega af rúmlega 5 milljarða króna hækkun í launakostnaði, 3,3 milljarða króna hækkun í kaupum á vöru og þjónustu, 3 milljarða hækkun á vaxta-kostnaði og 2,2 milljarða króna hækkun í félagslegum tilfærslum til heimila.



## Mynd 2. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF

Figure 2. Central government financial assets and liabilities as percent of GDP



Heildarskuldir ríkissjóðs námu 1.897 milljörðum króna í lok 1. ársfjórðungs 2012 eða sem svarar 105,4% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Að teknu tilliti til peningalegra eigna var hrein peningaleg eign ríkissjóðs, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, neikvæð um 750 milljarða króna í lok ársfjórðungsins eða sem svarar 41,7% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Til samanburðar var hrein peningaleg eign ríkissjóðs neikvæð um 39,6% af landsframleiðslu á sama ársfjórðungi 2011 og 33,6% á sama ársfjórðungi 2010. Hrein peningaleg eign ríkissjóðs hefur því versnað um 104 milljarða króna milli 1. ársfjórðungs 2011 og 2012.

## Hið opinbera

Heildartekjur hins opinbera á 1. ársfjórðungi 2012 hækkuðu um 11% frá sama tíma 2011 og námu 178,7 milljörðum króna

Heildartekjur hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, eru áætlaðar 178,7 milljarðar króna á 1. ársfjórðungi 2012 samanborið við 160,8 milljarða króna á sama tímabili 2011 og hækkuðu um rúm 11% á milli ára. Skatttekjur og tryggingagjöld skila hinu opinbera 153 milljörðum króna samanborið við 138,6 milljarða króna á sama ársfjórðungi 2011 eins og lesa má úr töflu 5. Tekjuhækkunin skýrist fyrst og fremst af átta milljarða króna aukningu í tekjusköttum, fjögurra milljarða aukningu í sköttum á vöru og þjónustu og tveggja milljarða króna aukningu í rekstrartekjum.

... á sama tíma hækkuðu útgjöldin um 8,2% og námu 186,8 milljörðum króna á 1. ársfjórðungi 2012

Á 1. ársfjórðungi 2012 benda áætlanir til þess að heildarútgjöld hins opinbera verði 186,8 milljarðar króna samanborið við 172,6 milljarða króna árið 2011, og nemur hækkunin 8,2% milli ára. Stærstu útgjaldaliðirnir eru laun sem áætluð eru 59,3 milljarðar króna, kaup á vöru og þjónustu 49,6 milljarðar króna og félagslegar tilfærslur til heimila 32,8 milljarðar króna. Þá er talið að vaxtagjöld hins opinbera verði 20,9 milljarðar króna á 1. ársfjórðungi 2012 og opinber fjárfesting 6,4 milljarðar króna. Hækkun í útgjöldum hins opinbera milli 1. ársfjórðungs 2011 og 2012 skýrist aðallega af rúmlega 5 milljarða króna hækkun í launakostnaði, 3,3 milljarða króna hækkun í kaup á vöru og þjónustu, 3 milljarða hækkun á vaxtakostnaði og 2,2 milljarða króna hækkun í félagslegum tilfærslum til heimila.

Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 8,1 milljarð króna á 1. ársfjórðungi 2012

Tekjuafkoma hins opinbera reyndist neikvæð um 8,1 milljarð króna á 1. ársfjórðungi 2012 sem er nokkru hagstæðari niðurstaða en á sama tíma 2010 er hún var neikvæð um 11,8 milljarða króna. Tekjuhallinn nam 1,9% af landsframleiðslu árs-

fjórðungsins eða 4,5% af tekjum hins opinbera og hefur tekjuafkoman ekki verið hagstæðari síðan á öðrum ársfjórðungi 2008 á þennan mælikvarða.

### Tafla 1. Fjárhagur hins opinbera á 1. ársfjórðungi 2011 og 2012

Table 1. General government finances in 1st quarter 2011 and 2012

Fjárhæðir í milljörðum króna Figures in billion ISK	2011 1. ársfj. 1st quart.	2012 1. ársfj. 1st quart.	Breyting, % Change, %	2010	Bráðab. Prelim. 2011	Breyting, % Change, %
1. Heildartekjur Revenue	160,8	178,7	11,1	637,3	679,6	6,6
2. Heildarútgjöld Expenditure	172,6	186,8	8,2	791,9	751,0	-5,2
2.1 Fjárfesting Investment	6,8	6,4	-6,1	44,7	36,4	-18,5
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) Financial bal. (3 = 1 - 2)	-11,8	-8,1	•	-154,6	-71,5	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum Fin. bal. % of revenue	-7,3	-4,6	•	-24,3	-10,5	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF Financial bal. % of GDP	-3,1	-1,9	•	-10,1	-4,4	•

### Ríkissjóður

Tekjuhalli ríkissjóðs var 8,8 milljarðar króna á 1. ársfjórðungi 2012, eða 2,1% af áætlaðri landsframleiðslu ársfjórðungsins

Bráðabirgðatölur benda til þess að heildartekjur ríkissjóðs á rekstrargrunni hafi verið rúmir 129 milljarðar króna á 1. ársfjórðungi 2012 og heildarútgjöld um 138 milljarðar króna. Tekjujöfnuður ríkissjóðs er því neikvæður um 8,8 milljarða króna á þeim ársfjórðungi, eða sem nemur 2,1% af landsframleiðslu ársfjórðungsins. Samkvæmt þessu hafa tekjur ríkissjóðs hækkað um rúm 9% frá sama tíma 2011 og útgjöldin um tæp 8%. Tekjujöfnuðurinn er því hagstæðari en á 1. ársfjórðungi 2011 er hann var neikvæður um 9,5 milljarða króna eða 2,5% af landsframleiðslu þess ársfjórðungs.

### Tafla 2. Fjárhagur ríkissjóðs á 1. ársfjórðungi 2011 og 2012

Table 2. Central government finances in 1st quarter 2011 and 2012

Fjárhæðir í milljörðum króna Figures in billion ISK	2011 1. ársfj. 1st quart.	2012 1. ársfj. 1st quart.	Breyting, % Change, %	2010	Bráðab. Prelim. 2011	Breyting, % Change, %
1. Heildartekjur Revenue	118,4	129,1	9,1	470,8	495,7	5,3
2. Heildarútgjöld Expenditure	127,9	137,9	7,9	614,4	564,6	-8,1
2.1 Fjárfesting Investment	2,6	2,4	-8,0	23,5	17,3	-26,2
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) Financial bal. (3 = 1 - 2)	-9,5	-8,8	•	-143,6	-68,9	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum Fin. bal. % of revenue	-8,0	-6,8	•	-30,5	-13,9	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF Financial bal. % of GDP	-2,5	-2,1	•	-9,4	-4,2	•

Skattar og tryggingagjöld skiluðu ríkissjóði um 113 milljörðum króna, eða 87,5% tekna hans. Þar af skiluðu skattar á vöru og þjónustu 50,4 milljörðum króna, skattar á tekjur og hagnað 37,4 milljörðum króna og tryggingagjöldin 16,7 milljörðum króna. Á gjaldahlið ríkissjóðs eru fjárframlög til almannatrygginga og sveitarfélaga umfangsmesti útgjaldaliðurinn en þau námu um 42,4 milljörðum króna á fyrsta ársfjórðungi 2012. Launaútgjöld ríkissjóðs námu 30,8 milljörðum króna og kaup á vöru og þjónustu 24,3 milljörðum króna eins og lesa má í töflu 6.

Hrein peningaleg eign ríkissjóðs hefur versnað um 104 milljarða króna milli 1. ársfjórðungs 2011 og 2012

Peningalegar eignir ríkissjóðs námu 1.147 milljörðum króna í lok 1. ársfjórðungs 2012 eða sem nemur 63,7% af landsframleiðslu og hafa þær hækkað um 75,6 milljarða króna frá sama ársfjórðungi 2011 en mælast þó tveimur prósentustigum lægri sem hlutfall af landsframleiðslu eins og sjá má í töflu 9. Á sama tíma hafa skuldir ríkissjóðs aukist um 10,5%, en þær námu 1.897 milljörðum króna í lok 1. ársfjórðungs 2012 samanborið við 1.717 milljarða króna á 1. ársfjórðungi 2011. Sem hlutfall af landsframleiðslu námu þær 105,4% og hafa nánast staðið í stað á þann mælikvarða. Þessi þróun hefur haft í för með sér að hrein peningaleg eign ríkissjóðs, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, varð neikvæð um 750 milljarða króna í lok 1. ársfjórðungs 2011 eða sem svarar til 41,7% af landsframleiðslu. Til samanburðar var hrein peningaleg eign ríkissjóðs neikvæð um 39,6% af landsframleiðslu á sama ársfjórðungi 2011 og 33,6% á sama ársfjórðungi 2010. Hrein peningaleg eign ríkissjóðs hefur því versnað um 104 milljarða króna milli ára.

### Sveitarfélög

Tekjuafkoma sveitarfélaga var neikvæð um 0,4 milljarða króna á 1. ársfjórðungi 2011

Heildartekjur sveitarfélaganna á 1. ársfjórðungi 2012 eru áætlaðar 54,5 milljarðar króna og heildarútgjöld 54,9 milljarðar króna. Tekjuhalli þess ársfjórðungs er því áætlaður um 0,4 milljarðar króna. Þetta er tölvvert hagstæðari niðurstaða en á sama tíma 2011 þegar tekjuafkoman var neikvæð um 2,9 milljarða króna. Tekjur sveitarfélaga hafa hækkað um 12,7% frá sama tíma í fyrra en útgjöldin um 7,3%.

Um þrjú fimmtu hlutar tekna sveitarfélaga eru útsvarstekjur.

Útsvarstekjur skiluðu sveitarfélögunum rúmum 32 milljörðum króna á fyrsta ársfjórðungi 2012, eða 59% tekna þeirra. Aðrir skattar skiluðu 8 milljörðum króna, fjárframlög frá ríkissjóði 5 milljörðum og aðrar tekjur 9,4 milljörðum króna. Launagreiðslur eru umfangsmesti útgjaldaliður sveitarfélaganna, eða 44,5% útgjaldanna, en 24,4 milljarðar króna voru greiddir í laun á fyrsta ársfjórðungi 2012. Kaup á vöru og þjónustu námu 17,8 milljörðum króna og fjárfestingin 3,9 milljörðum króna, en nokkur lækkun hefur orðið á fjárfestingu sveitarfélaganna frá sama ársfjórðungi 2011.

### Tafla 3. Fjárhagur sveitarfélaga á 1. ársfjórðungi 2011 og 2012

Table 3. Local government finances in 1st quarter 2011 and 2012

Fjárhæðir í milljörðum króna Figures in billion ISK	2011 1. ársfj. 1st quart.	2012 1. ársfj. 1st quart.	Breyting, % Change, %	192,6 205,6 21,2	Bráðab. Prelim. 2011	Breyting, % Change, %
1. Heildartekjur Revenue	48,3	54,5	12,7	192,6	210,0	9,1
2. Heildarútgjöld Expenditure	51,2	54,9	7,3	205,6	214,9	4,5
2.1 Fjárfesting Investment	4,1	3,9	-5,0	21,2	19,1	-10,0
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) Financial bal. (3 = 1 - 2)	-2,9	-0,4	•	-12,9	-4,9	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum Fin. bal. % of revenue	-5,9	-0,8	•	-6,7	-2,3	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF Financial bal. % of GDP	-0,7	-0,1	•	-0,8	-0,3	•

## Gagna- og aðferðalýsing

*Fjármál hins opinbera og undirgeira þess eru sett fram á rekstrargrunni*

Áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs byggjast á gögnum frá Fjársýslu ríkisins. Reynt er að meta tekjur og gjöld á rekstrargrunni í samræmi við uppgjör þjóðhagsreikninga, ekki á greiðslugrunni eins og mánaðarhefti ríkissjóðs sýna. Rekstrargrunnur felur í sér að skuldbindingar eru færðar til tekna eða gjalda þegar til þeirra er stofnað óháð því hvenær greiðslur fara fram. Við mat á fjármálum sveitarfélaganna er byggt á úrtaki stærstu sveitarfélaga landsins, sem náð hefur til um fjögurra fimmtu hluta íbúafjöldans, og hefur það verið uppfært til heildar. Tölur um fjárfestingu sveitarfélaganna eru háðar nokkurri óvissu og er því að hluta byggt á fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna fyrir árið ásamt ársfjórðungstölum úrtaksins.

Hagstofan leggur hér megináherslu á tekjuafkomuna við mat á afkomu hins opinbera. En annar mælikvarði er einnig notaður, en það er rekstrarafkoma. Munurinn á rekstrarjöfnuði og tekjujöfnuði er sá að rekstrarjöfnuður sýnir niðurstöðu rekstrarreiknings eftir að afskriftir hafa verið gjaldfærðar en tekjujöfnuður sýnir niðurstöðuna eftir að fjárfesting hefur verið dregin frá rekstrarjöfnuði, en þá eru afskriftir ekki gjaldfærðar. Munurinn á þessum tveimur mælikvörðum er því fólgin í muninum á afskriftum og fjárfestingu. Ef fjárfestingin er hærri en afskriftir verður tekjujöfnuðurinn lakari en rekstrarjöfnuðurinn eða sem nemur þeim mun.

## English summary

In the 1<sup>st</sup> quarter of 2012, the financial balance of the general government (i.e. the central government, the social security funds and the local governments) amounted to 8.1 billion ISK in deficit or 1.9% of quarterly GDP and 4.6% of general government total revenue. This can be compared with 11.8 billion ISK in deficit in the 1<sup>st</sup> quarter of 2011 or 3.1% of GDP in that quarter. The deficit has not been less since the second quarter of 2008.

The general government total revenue has increased by 11.1% between the 1<sup>st</sup> quarters of 2011 and 2012, or from 160.8 billion ISK to 178.8 billion ISK. This increase can mainly be explained by increased revenue from income taxes (8bn ISK increase), taxes on goods and services (4bn ISK increase) and other revenue (2bn ISK increase). The total expenditure increased at the same time by nearly 8.2%, or from 172.6 billion ISK in 2011 to 186.7 billion ISK in 2012. The main reasons are a 5 billion ISK increase in wages and salaries, a 3.3 billion ISK increase in use of goods and services, a 3 billion ISK increase in interest cost and a 2.2 billion ISK increase in social benefits.

The central government total liabilities at the end of the 1<sup>st</sup> quarter 2012 amounted to 1,897 billion ISK or 105.4% of the GDP. Taking account of its financial assets, the net financial assets, i.e. the financial assets less liabilities, was negative by 750 billion ISK or 41,7% of the GDP, compared with a negative net financial asset of 39.6% of the GDP in the same period in 2011 and 33.6% in 2010. Consequently, the central government net financial asset position has deteriorated by 104 billion ISK between the 1<sup>st</sup> quarters 2011 and 2012.

The revenue and expenditure figures for the general government and its sub-sectors are presented on an accrual basis and in line with national accounts principles whereas the monthly figures on central government published by the Government Financial Authority are on cash basis. Accrual basis means that flows are recorded when they are established regardless of when the actual payments are made. The data presented here, both for the central and local governments, are preliminary.

**Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2009–2012***Table 4. Quarterly Government Finances 2009–2012*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	Heildartekjur <i>Total revenue</i>	Heildar- útgjöld <i>Total expenditure</i>	– þar af fjárfesting – <i>thereof investment</i>	Tekju- jöfnuður <i>Financial balance</i>	Tekjujöfnuður hlutfall af heildartekjum <i>Financial balance % of total revenue</i>	Tekju- jöfnuður hlutfall af VLF <i>Financial balance % of GDP</i>
	(1)	(2)	(2.1)	(3=1-2)		
<b>Híð opinbera <i>The General Government</i></b>						
<b>2009</b>	<b>614,3</b>	<b>763,3</b>	<b>52,6</b>	<b>-149,0</b>	<b>-24,3</b>	<b>-10,0</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	149,1	175,5	9,3	-26,4	-17,7	-1,8
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	147,2	188,9	14,2	-41,7	-28,3	-2,8
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	155,2	193,0	18,4	-37,8	-24,3	-2,5
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	162,8	205,9	10,8	-43,2	-26,5	-2,9
<b>2010</b>	<b>637,3</b>	<b>791,9</b>	<b>44,7</b>	<b>-154,6</b>	<b>-24,3</b>	<b>-10,1</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	153,7	175,0	8,5	-21,3	-13,9	-1,4
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	156,1	182,3	11,0	-26,2	-16,8	-1,7
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	165,4	185,8	14,3	-20,4	-12,3	-1,3
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	162,2	248,9	10,8	-86,7	-53,4	-5,6
<b>2011</b>	<b>679,6</b>	<b>751,0</b>	<b>36,4</b>	<b>-71,5</b>	<b>-10,5</b>	<b>-4,4</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	160,8	172,6	6,8	-11,8	-7,3	-0,7
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	166,1	183,5	8,9	-17,4	-10,4	-1,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	178,4	191,7	11,7	-13,3	-7,5	-0,8
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	174,2	203,2	9,1	-29,0	-16,6	-1,8
<b>2012</b>	...	...	...	...	...	...
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	178,7	186,8	6,4	-8,1	-4,6	-0,5
<b>Ríkissjóður <i>The Central Government</i></b>						
<b>2009</b>	<b>447,4</b>	<b>571,1</b>	<b>31,4</b>	<b>-123,6</b>	<b>-27,6</b>	<b>-8,3</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	107,0	128,4	3,8	-21,4	-20,0	-1,4
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	105,2	137,9	8,0	-32,7	-31,1	-2,2
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	113,7	146,1	12,6	-32,3	-28,4	-2,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	121,5	158,7	7,0	-37,2	-30,6	-2,5
<b>2010</b>	<b>470,8</b>	<b>614,4</b>	<b>23,5</b>	<b>-143,6</b>	<b>-30,5</b>	<b>-9,4</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	112,0	133,9	3,9	-21,9	-19,6	-1,4
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	115,4	138,6	5,8	-23,2	-20,1	-1,5
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	123,4	140,6	8,0	-17,2	-13,9	-1,1
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	119,9	201,3	5,7	-81,4	-67,9	-5,3
<b>2011</b>	<b>495,7</b>	<b>564,6</b>	<b>17,3</b>	<b>-68,9</b>	<b>-13,9</b>	<b>-4,2</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	118,4	127,9	2,6	-9,5	-8,0	-0,6
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	120,0	136,2	4,2	-16,2	-13,5	-1,0
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	130,5	145,0	5,9	-14,4	-11,1	-0,9
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	126,8	155,6	4,5	-28,8	-22,7	-1,8
<b>2012</b>	...	...	...	...	...	...
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	129,1	137,9	2,4	-8,8	-6,8	-0,5

<sup>1</sup> 192 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabankans er meðtalin. *The central government debt assumption of 192 billion ISK is included.*

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2009–2011 (frh.)  
 Table 4. Quarterly Government Finances 2009–2011 (cont.)

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	Heildartekjur <i>Total revenue</i> (1)	Heildar- útgjöld <i>Total</i> <i>expenditure</i> (2)	– þar af fjárfesting – <i>thereof</i> <i>investment</i> (2.1)	Tekju- jöfnuður <i>Financial</i> <i>balance</i> (3=1-2)	Tekjujöfnuður hlutfall af <i>Financial</i> <i>balance % of</i> <i>total revenue</i>	Tekju- jöfnuður hlutfall af VLF <i>Financial</i> <i>balance %</i> <i>of GDP</i>
<b>Sveitarfélög The Local Governments</b>						
<b>2009</b>	<b>189,3</b>	<b>204,2</b>	<b>21,2</b>	<b>-15,0</b>	<b>-7,9</b>	<b>-1,0</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	47,0	50,4	5,5	-3,4	-7,1	-0,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	47,3	53,0	6,1	-5,7	-12,0	-0,4
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	47,5	50,3	5,7	-2,8	-5,8	-0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	47,4	50,6	3,8	-3,2	-6,7	-0,2
<b>2010</b>	<b>192,6</b>	<b>205,5</b>	<b>21,2</b>	<b>-12,9</b>	<b>-6,7</b>	<b>-0,8</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	47,7	49,4	4,6	-1,7	-3,5	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	47,2	52,1	5,2	-4,8	-10,2	-0,3
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	48,6	52,0	6,3	-3,4	-7,0	-0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	49,0	52,0	5,1	-3,0	-6,1	-0,2
<b>2011</b>	<b>210,0</b>	<b>214,9</b>	<b>19,1</b>	<b>-4,9</b>	<b>-2,3</b>	<b>-0,3</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	48,6	51,2	4,1	-2,5	-5,2	-0,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	52,9	54,0	4,7	-1,1	-2,0	-0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	54,5	55,0	5,7	-0,5	-0,9	0,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	54,0	54,8	4,6	-0,8	-1,5	0,0
<b>2012</b>	...	...	...	...	...	...
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	54,5	54,9	3,9	-0,4	-0,8	0,0
<b>Almannatryggingar The Social Security Funds</b>						
<b>2009</b>	<b>133,6</b>	<b>144,1</b>	<b>0,1</b>	<b>-10,4</b>	<b>-7,8</b>	<b>-0,7</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	31,4	33,7	0,0	-2,2	-7,0	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	33,8	37,4	0,0	-3,6	-10,5	-0,2
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	32,1	34,4	0,0	-2,3	-7,2	-0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	36,3	38,6	0,0	-2,3	-6,5	-0,2
<b>2010</b>	<b>142,9</b>	<b>141,0</b>	<b>0,0</b>	<b>2,0</b>	<b>1,4</b>	<b>0,1</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	36,0	34,4	0,0	1,5	4,3	0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	36,0	34,1	0,0	1,9	5,3	0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	35,0	34,7	0,0	0,3	0,9	0,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	35,9	37,8	0,0	-1,8	-5,0	-0,1
<b>2011</b>	<b>154,5</b>	<b>152,1</b>	<b>0,0</b>	<b>2,3</b>	<b>1,5</b>	<b>0,1</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	35,0	34,8	0,0	0,2	0,7	0,0
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	37,0	37,2	0,0	-0,1	-0,3	0,0
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	41,0	39,4	0,0	1,6	3,9	0,1
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	41,4	40,8	0,0	0,6	1,5	0,1
<b>2012</b>	...	...	...	...	...	...
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	36,9	37,0	0,0	-0,1	-0,4	0,0



**Tafla 5. Tekjur og gjöld hins opinbera eftir ársfjórðungum 2010–2012**Table 5. *Quarterly Government Revenue and Expenditure 2010–2012*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2010		2011				2012
	Alls	Alls	Ársfjórðungar (Á) <i>Quarters (Q)</i>				Á <i>Q</i>
	<i>Total</i>	<i>Total</i>	I	II	III	IV	I
<b>1 Heildartekjur <i>Total revenue</i></b>	<b>637,3</b>	<b>679,6</b>	<b>160,8</b>	<b>166,1</b>	<b>178,4</b>	<b>174,2</b>	<b>178,7</b>
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	474,1	515,8	122,4	126,1	136,9	130,5	136,3
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	239,7	267,2	61,5	67,8	69,9	68,0	69,5
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	2,8	2,9	0,7	0,7	0,7	0,7	0,7
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	35,5	35,5	9,1	8,9	8,8	8,7	10,2
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	184,2	193,5	46,9	44,6	52,7	49,3	51,0
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	6,0	6,9	1,8	1,4	1,6	2,1	1,6
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	6,0	9,9	2,4	2,7	3,1	1,7	3,3
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	63,6	68,9	16,2	16,3	18,0	18,4	16,7
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	2,4	2,9	0,6	0,7	0,8	0,8	1,9
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	97,2	91,9	21,7	23,0	22,6	24,6	23,7
<b>2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i></b>	<b>791,9</b>	<b>751,0</b>	<b>172,6</b>	<b>183,5</b>	<b>191,7</b>	<b>203,2</b>	<b>186,8</b>
21 Laun <i>Wages</i>	227,1	236,2	54,4	59,6	60,4	61,8	59,3
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	186,9	190,6	46,1	47,9	46,4	50,3	49,6
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	33,6	35,1	8,5	8,6	8,9	9,0	9,1
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	84,8	75,7	17,9	17,4	20,4	20,1	20,9
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	27,5	27,6	7,0	7,0	6,8	6,9	7,4
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	4,9	5,1	0,9	1,3	1,2	1,7	1,0
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	120,6	134,8	30,6	32,5	35,7	35,9	32,8
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	95,4	44,6	8,9	8,9	9,3	17,5	9,5
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	44,7	36,4	6,8	8,9	11,7	9,1	6,4
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-33,6	-35,1	-8,5	-8,6	-8,9	-9,0	-9,1
<b>Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i></b>	<b>-154,6</b>	<b>-71,5</b>	<b>-11,8</b>	<b>-17,4</b>	<b>-13,3</b>	<b>-29,0</b>	<b>-8,1</b>
<b>Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i></b>	<b>-24,3</b>	<b>-10,5</b>	<b>-7,3</b>	<b>-10,4</b>	<b>-7,5</b>	<b>-16,6</b>	<b>-4,6</b>
<b>Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i></b>	<b>-10,1</b>	<b>-4,4</b>	<b>-0,7</b>	<b>-1,1</b>	<b>-0,8</b>	<b>-1,8</b>	<b>-0,5</b>
<b>Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i></b>	<b>41,5</b>	<b>41,7</b>	<b>9,9</b>	<b>10,2</b>	<b>10,9</b>	<b>10,7</b>	<b>9,9</b>
<b>Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i></b>	<b>51,6</b>	<b>46,1</b>	<b>10,6</b>	<b>11,3</b>	<b>11,8</b>	<b>12,5</b>	<b>10,4</b>

**Skýringar** Notes: 192 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs 2008 á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabankans er meðtalin. *The central government debt assumption 2008 of 192 billion ISK is included.*

**Tafla 6. Tekjur og gjöld ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2010–2012**  
*Table 6. Quarterly Central Government Revenue and Expenditure 2010–2012*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2010		2011				2012
	Alls	Alls	Ársfjórðungar (Á) <i>Quarters (Q)</i>				Á <i>Q</i>
	<i>Total</i>	<i>Total</i>	I	II	III	IV	I
<b>1 Heildartekjur <i>Total revenue</i></b>	<b>470,8</b>	<b>495,7</b>	<b>118,4</b>	<b>120,0</b>	<b>130,5</b>	<b>126,8</b>	<b>129,1</b>
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	336,1	361,3	87,7	87,5	95,7	90,5	96,2
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	132,9	142,4	34,2	36,8	36,3	35,2	37,4
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	2,8	2,9	0,7	0,7	0,7	0,7	0,7
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	7,0	8,1	2,2	2,0	2,0	1,9	2,8
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	181,4	191,1	46,3	43,9	52,0	49,0	50,4
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	6,0	6,9	1,8	1,4	1,6	2,1	1,6
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	6,0	9,9	2,4	2,7	3,1	1,7	3,3
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	63,6	68,9	16,2	16,3	18,0	18,4	16,7
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	8,3	9,1	2,0	2,2	2,4	2,5	2,2
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	62,8	56,3	12,5	13,9	14,4	15,5	14,0
<b>2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i></b>	<b>614,4</b>	<b>564,6</b>	<b>127,9</b>	<b>136,2</b>	<b>145,0</b>	<b>155,6</b>	<b>137,9</b>
21 Laun <i>Wages</i>	120,4	122,3	28,2	30,9	30,9	32,3	30,8
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	93,4	91,8	21,7	23,0	23,0	24,2	24,3
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	24,6	25,6	6,2	6,3	6,5	6,6	6,6
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	77,6	68,0	16,0	15,4	18,4	18,1	18,9
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	24,0	24,0	6,1	6,1	5,9	6,0	6,4
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	167,5	179,0	40,5	43,5	47,1	47,9	42,4
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	22,4	27,8	6,4	6,7	7,0	7,7	6,1
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	85,7	34,4	6,4	6,4	6,7	14,9	6,7
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	23,5	17,3	2,6	4,2	5,9	4,5	2,4
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-24,6	-25,6	-6,2	-6,3	-6,5	-6,6	-6,6
<b>Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i></b>	<b>-143,6</b>	<b>-68,9</b>	<b>-9,5</b>	<b>-16,2</b>	<b>-14,4</b>	<b>-28,8</b>	<b>-8,8</b>
<b>Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i></b>	<b>-30,5</b>	<b>-13,9</b>	<b>-8,0</b>	<b>-13,5</b>	<b>-11,1</b>	<b>-22,7</b>	<b>-6,8</b>
<b>Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i></b>	<b>-9,4</b>	<b>-4,2</b>	<b>-0,6</b>	<b>-1,0</b>	<b>-0,9</b>	<b>-1,8</b>	<b>-0,5</b>
<b>Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i></b>	<b>30,7</b>	<b>30,4</b>	<b>7,3</b>	<b>7,4</b>	<b>8,0</b>	<b>7,8</b>	<b>7,2</b>
<b>Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i></b>	<b>40,0</b>	<b>34,6</b>	<b>7,8</b>	<b>8,4</b>	<b>8,9</b>	<b>9,5</b>	<b>7,7</b>

**Skýringar** *Notes:* 192 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs 2008 á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabankans er meðtalin. *The central government debt assumption 2008 of 192 billion ISK is included.*

**Tafla 7. Tekjur og gjöld sveitarfélaga eftir ársfjórðungum 2010–2012**Table 7. *Quarterly Local Government Revenue and Expenditure 2010–2012*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2010		2011				2012
	Alls	Alls	Ársfjórðungar (Á) <i>Quarters (Q)</i>				Á <i>Q</i>
	<i>Total</i>	<i>Total</i>	I	II	III	IV	I
<b>1 Heildartekjur <i>Total revenue</i></b>	<b>192,6</b>	<b>210,0</b>	<b>48,6</b>	<b>52,9</b>	<b>54,5</b>	<b>54,0</b>	<b>54,5</b>
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	138,0	154,5	34,7	38,5	41,2	40,0	40,1
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	106,8	124,7	27,3	31,0	33,7	32,8	32,1
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	–	–	–	–	–	–	–
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	28,4	27,4	6,9	6,9	6,9	6,9	7,4
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	2,8	2,4	0,6	0,7	0,7	0,4	0,6
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	–	–	–	–	–	–	–
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	–	–	–	–	–	–	–
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	–	–	–	–	–	–	–
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	21,4	21,2	5,1	5,6	5,4	5,2	5,0
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	33,2	34,3	8,8	8,8	7,9	8,8	9,4
<b>2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i></b>	<b>205,6</b>	<b>214,9</b>	<b>51,2</b>	<b>54,0</b>	<b>55,0</b>	<b>54,8</b>	<b>54,9</b>
21 Laun <i>Wages</i>	90,4	96,7	22,2	24,3	25,1	25,1	24,4
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	62,6	66,4	16,7	16,8	16,0	16,9	17,8
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	9,0	9,5	2,3	2,3	2,4	2,4	2,5
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	7,2	7,7	1,9	1,9	1,9	1,9	2,0
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	3,2	3,4	0,8	0,8	0,8	0,8	0,9
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	1,0	1,0	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	10,3	10,8	2,7	2,7	2,7	2,7	2,9
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	9,5	9,9	2,5	2,5	2,5	2,5	2,7
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	21,2	19,1	4,1	4,7	5,7	4,6	3,9
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-9,0	-9,5	-2,3	-2,3	-2,4	-2,4	-2,5
<b>Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i></b>	<b>-12,9</b>	<b>-4,9</b>	<b>-2,5</b>	<b>-1,1</b>	<b>-0,5</b>	<b>-0,8</b>	<b>-0,4</b>
<b>Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i></b>	<b>-6,7</b>	<b>-2,3</b>	<b>-5,2</b>	<b>-2,0</b>	<b>-0,9</b>	<b>-1,5</b>	<b>-0,8</b>
<b>Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i></b>	<b>-0,8</b>	<b>-0,3</b>	<b>-0,2</b>	<b>-0,1</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>
<b>Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i></b>	<b>12,5</b>	<b>12,9</b>	<b>3,0</b>	<b>3,2</b>	<b>3,3</b>	<b>3,3</b>	<b>3,0</b>
<b>Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i></b>	<b>13,4</b>	<b>13,2</b>	<b>3,1</b>	<b>3,3</b>	<b>3,4</b>	<b>3,4</b>	<b>3,1</b>

**Tafla 8. Tekjur og gjöld almannatrygginga eftir ársfjórðungum 2010–2012**Table 8. *Quarterly Social Security Funds Revenue and Expenditure 2010–2012*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2010		2011				2012
	Alls	Alls	Ársfjórðungar (Á) <i>Quarters (Q)</i>				Á <i>Q</i>
	<i>Total</i>	<i>Total</i>	I	II	III	IV	I
<b>1 Heildartekjur <i>Total revenue</i></b>	<b>142,9</b>	<b>154,5</b>	<b>35,0</b>	<b>37,0</b>	<b>41,0</b>	<b>41,4</b>	<b>36,9</b>
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	–	–	–	–	–	–	–
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	–	–	–	–	–	–	–
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	–	–	–	–	–	–	–
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	–	–	–	–	–	–	–
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	–	–	–	–	–	–	–
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	–	–	–	–	–	–	–
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	–	–	–	–	–	–	–
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	–	–	–	–	–	–	–
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	141,7	153,2	34,7	36,7	40,7	41,1	36,6
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	1,2	1,3	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3
<b>2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i></b>	<b>141,0</b>	<b>152,1</b>	<b>34,8</b>	<b>37,2</b>	<b>39,4</b>	<b>40,8</b>	<b>37,0</b>
21 Laun <i>Wages</i>	16,3	17,2	4,0	4,4	4,4	4,4	4,2
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	30,8	32,5	7,8	8,1	7,4	9,2	7,6
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	0,3	0,3	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	5,4	5,7	1,3	1,4	1,5	1,6	1,3
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	87,9	96,2	21,6	23,2	26,0	25,5	23,9
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	0,2	0,2	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
<b>Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i></b>	<b>2,0</b>	<b>2,3</b>	<b>0,2</b>	<b>-0,1</b>	<b>1,6</b>	<b>0,6</b>	<b>-0,1</b>
<b>Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i></b>	<b>1,4</b>	<b>1,5</b>	<b>0,7</b>	<b>-0,3</b>	<b>3,9</b>	<b>1,5</b>	<b>-0,4</b>
<b>Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i></b>	<b>0,1</b>	<b>0,1</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,1</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>
<b>Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i></b>	<b>9,3</b>	<b>9,5</b>	<b>2,1</b>	<b>2,3</b>	<b>2,5</b>	<b>2,5</b>	<b>2,1</b>
<b>Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i></b>	<b>9,2</b>	<b>9,3</b>	<b>2,1</b>	<b>2,3</b>	<b>2,4</b>	<b>2,5</b>	<b>2,1</b>

**Tafla 9. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2007–2012**Table 9. *Central Government Financial Accounts on quarterly basis 2007–2012*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna	2007	2008	2009	2010	2011		2012
<i>Billion ISK at current prices</i>	Á Q	Á Q	Á Q	Á Q	Ársfj. Quarter		Á Q
	IV	IV	IV	IV	I	IV	I
<b>Peningalegar eignir <i>Financial assets</i></b>	<b>582,8</b>	<b>960,0</b>	<b>1.055,0</b>	<b>1.043,9</b>	<b>1.071,2</b>	<b>1.148,9</b>	<b>1.146,8</b>
Sjóður og bankareikningar <i>Currency and deposits</i>	102,9	183,2	226,3	318,4	343,4	533,7	513,9
Lánveitingar <i>Loans</i>	176,9	478,0	361,3	248,0	258,3	147,0	158,7
Hlutafé <i>Shares and other equity</i>	177,4	194,8	334,4	343,6	343,9	343,3	345,5
Viðskiptakröfur <i>Other accounts receivables</i>	125,6	103,9	133,0	133,8	125,7	124,9	128,7
<b>Skuldir <i>Liabilities</i></b>	<b>560,5</b>	<b>1.198,5</b>	<b>1.566,4</b>	<b>1.629,1</b>	<b>1.716,9</b>	<b>1.865,1</b>	<b>1.896,7</b>
Verðbréf <i>Securities</i>	119,5	313,8	546,3	624,0	685,2	732,5	765,8
Lántökur <i>Loans</i>	195,0	622,2	634,2	611,9	639,6	736,0	704,0
Innlend lán <i>Domestic loans</i>	31,0	304,4	277,8	270,8	286,8	288,2	282,1
Erlend lán <i>Foreign loans</i>	164,0	317,8	356,4	341,1	352,7	447,8	421,9
Lífeyrisskuldbindingar <i>Insurance technical reserves</i>	210,8	231,3	342,9	339,8	339,4	345,1	373,0
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	35,2	31,2	43,0	53,4	52,7	51,5	53,9
<b>Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i></b>	<b>22,2</b>	<b>-238,5</b>	<b>-511,4</b>	<b>-585,3</b>	<b>-645,6</b>	<b>-716,2</b>	<b>-749,9</b>
<b>Hlutfall af landsframleiðslu <i>Per cent of GDP</i></b>							
<b>Peningalegar eignir <i>Financial assets</i></b>	<b>44,5</b>	<b>64,7</b>	<b>70,6</b>	<b>67,8</b>	<b>65,7</b>	<b>70,5</b>	<b>63,7</b>
Sjóður og bankareikningar <i>Currency and deposits</i>	7,9	12,4	15,1	20,7	21,1	32,7	28,6
Lánveitingar <i>Loans</i>	13,5	32,2	24,2	16,1	15,8	9,0	8,8
Hlutafé <i>Shares and other equity</i>	13,6	13,1	22,4	22,3	21,1	21,1	19,2
Viðskiptakröfur <i>Other accounts receivables</i>	9,6	7,0	8,9	8,7	7,7	7,7	7,2
<b>Skuldir <i>Liabilities</i></b>	<b>42,8</b>	<b>80,8</b>	<b>104,8</b>	<b>105,8</b>	<b>105,3</b>	<b>114,4</b>	<b>105,4</b>
Verðbréf <i>Securities</i>	9,1	21,2	36,5	40,5	42,0	44,9	42,6
Lántökur <i>Loans</i>	14,9	42,0	42,4	39,7	39,2	45,1	39,1
Innlend lán <i>Domestic loans</i>	2,4	20,5	18,6	17,6	17,6	17,7	15,7
Erlend lán <i>Foreign loans</i>	12,5	21,4	23,8	22,2	21,6	27,5	23,4
Lífeyrisskuldbindingar <i>Insurance technical reserves</i>	16,1	15,6	22,9	22,1	20,8	21,2	20,7
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	2,7	2,1	2,9	3,5	3,2	3,2	3,0
<b>Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i></b>	<b>1,7</b>	<b>-16,1</b>	<b>-34,2</b>	<b>-38,0</b>	<b>-39,6</b>	<b>-43,9</b>	<b>-41,7</b>





**Hagtiðindi** **Þjóðhagsreikningar**  
**Statistical Series** **National accounts**

97. árg. • 22. tbl. 2012:7

ISSN 0019-1078 ISSN 1670-4657 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4665 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price* ISK 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Jóhann Rúnar Björgvinsson • johann.bjorgvinsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000 © Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099 Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

[www.hagstofa.is/hagtidindi](http://www.hagstofa.is/hagtidindi) [www.statice.is/series](http://www.statice.is/series)